

Óvissa í námi og starfsendurhæfingu fyrir geðsjúka

PORGERÐUR K. Gunnarsdóttir menntamálaráðherra sagði á Alþingi í gær að því miður hefði enn ekki náðst niðurstaða í viðræðum menntamálaráðuneytisins og Fjölmennar um fræðslumál geðsjúkra. Ásta R. Jóhannesdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, sagði að algjör óvissa ríkti í námi og starfsendurhæfingu fyrir geðsjúka á vegum Fjölmennar og Geðhjálp.

Aðsókn í námið hefur aukist jafnt og þétt frá því kennsla hófst í hús-næði Geðhjálp við Túngötu á vorönn 2003, að því er fram kom í frétt Morgunblaðsins í haust.

Ásta rifjaði upp að um 140 manns hefðu sótt um að komast í námið í haust. Af þeim hefðu fimmtíu ekki komist að vegna fjárskorts. „Sex milljónir komu þá frá menntamálaráðuneytinu svo að hægt var að hefja námið í haust,“ útskýrði hún. „Frá



ALÞINGI

því í ágúst hafa verið viðræður milli menntamálaráðuneytisins og Geðhjálp og Fjölmennar um að endurskoða þjónustusamning og hafði menntamálaráðuneytið tilkynnt bæði Fjölmenn og Geðhjálp að búið yrði að ganga frá því máli fyrir 1. desember. Nú er 8. desember og ekkert hefur heyrst frá menntamálaráðuneytinu.“ Spurði hún m.a.

menntamálaráðherra að því hvort geðsjúkir, sem þyrftu menntun, þyrftu áfram að bíða í óvissu.

Reynt að leysa málið

Menntamálaráðherra ítrekaði að skv. nýlegri úttekt væri þörfin fyrir umrætt nám brýn. Námið hefði upphaflega byrjað sem samstarfsverkefni Geðhjálp og Fjölmennar, en Fjölmenn er sjálfseignarstofnun Landssamtakanna Proskahjálp og Öryrkjabandalags Íslands.

Þjónustusamningur menntamálaráðuneytisins og Fjölmennar væri þó enn í gildi. „Því miður hefur ekki enn náðst niðurstaða í þessu máli en engu að síður vil ég varpa ljósi á það að við höfum rætt um þetta, ég og heilbrigðisráðherra, með það auðvitað að markmiði að reyna að leysa málið,“ sagði menntamálaráðherra á Alþingi í gær.